

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing ehf. Hvalfjörður



<b>Dags eftirlits</b>	16.12.2015	<b>Fulltrúi UST</b>	Gottskálf Friðgeirsson	
<b>Fyrirtæki</b>	Olíudreifing ehf.	<b>Fulltrúi UST</b>		
<b>Heimili</b>	Hólmaslóð 8 - 10, 101 - R	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið	
<b>Kennitala</b>	6606962069	<b>Flokkur</b>	Olía	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Gestur Guðjónsson	<b>ÍSAT nr.</b>	63.40	
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Helgi Árnason	<b>Staðsetning</b>	381456,135	435175,315

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlitið fannst ekki frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við olíubirgðastöðina.

## UMFANG EFTIRLITS

Sest var niður með nýtt starfsleyfi fyrir sameinaða olíubirgðastöð þar sem áður voru aðskildar stöðvar í neðanjarðargeymum fyrir um 51000 m<sup>3</sup> á Miðsandi (Digralæk 1) og ofanjarðargeymum fyrir um 61000 m<sup>3</sup> á Litla-Sandi. Bent var á kröfu í starfsleyfi, grein 4.2, um kvörðun gufuendurnýtingarbúnaðar og mælingu á losun rokgjarnra lofttegunda sbr. rg. 252/1999 fyrir 31. mars 2016. Kröfu um að fyrir liggja áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar og áætlun vegna varanlegrar lokunar stöðvarinnar. Að áhættumat liggja fyrir og sé notað sem grundvöllur fyrir gerð viðbragðsáætlunar fyrir stöðina. Að viðbragðsáætlun stöðvarinnar sé send Mannvirkjastofnun og Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar. Farið var yfir þær tilkynningar sem rekstraraðili skal hefja við ýmis tilefni sbr. kröfur í starfsleyfi. Þar á meðal eru tilkynningar um mengunaráhöpp sem kunna að verða og tilkynningar um bilanir í vöktunarbúnaði. Ýmsar mælingar og skráningar eru fyrirskipaðar við daglegan rekstur og nota skal rekstrarhandbók. Skrá skal allan úrgang sem til fellur. Þar sem stöðin er mannlauz lengstan hluta dagsins og treyst er á myndavélar og skynjara af ýmsum toga þá er mikilvægt að prófanir á búnaði fari fram með reglulegu millibili. Hönnun geyma og lagna sem eru neðanjarðar byggir á katóðutæringarvörn og ólíklegt er að aðrar tæringarvarnir séu til staðar. Því er mikilvægt að katóðukerfinu sé vel viðhaldið.

Deiliskipulagstillaga fyrir Litla-Sand var auglýst í Stjórnartíðindum 24. nóvember 2015. Deiliskipulag fyrir Digralæk 1 (Miðsand) er frá árinu 2008 með breytingum frá 2011.

Olíudreifing hefur gert áhættumat fyrir starfssemi sína og áætlar þar líkur á óhöppum og einnig hversu alvarlegar afleiðingar óhappa yrðu. Fram kemur að í flestum tilfellum eru líkur á óhöppum í olíubirgðastöðvum ekki mjög miklar en ef af yrði gætu afleiðingarnar orðið alvarlegar. Líklegast atburðir eru yfirfyllingar og mistök við tengingar lagna. Viðbragðsáætlun Olíudreifingar fyrir stöðina liggur fyrir og unnin hefur verið aðgerðaáætlun fyrir stöðina þar sem sviðsmyndirnar eru: Bruni í bensíngeymi, bruni í gasolíugeymi, bruni í lekavarnarpró (bensínpró og gasolíupró), bruni á viðlegukanti, bruni í olíuskipi, einnig leki í skipi, leki á bryggju og leki utan þróar. Upplýsa þarf og æfa með Slökkviliði Akraness og Hvalfjarðarsveitar um viðbrögð í stöðinni.

Talsverður vatnsagi er í Miðsandsstöðinni og fráveita byggir á að lokar í fráveitu standi opnir en skynjarar á ýmsum stöðum neðan olíugeyma stjórnari lokun kerfisins. Olíudreifing hefur sett upp aðgerðaráætlun um prófun á lekaviðvörðunarkerfinu sem og skráningar á öllum prófunum.

Framundan er dýpkun við löndunarbryggju stöðvarinnar og er nú unnið að fá leyfi fyrir varpi í hafið fyrir dýpkunarefni.

Gufuendurnýtingarkerfi stöðvarinnar var skoðað og á gögnum í sjálfvirku skráningarkerfi tækisins sást að losun rokgjarnra lofttegunda var við skoðun í stöðinni einungis brot af leyfðri losun. Bent er á kröfur um kvörðun mælitækjanna fyrir 31. mars 2016.

Farið var yfir mánaðablöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar. Skráningar á mánaðablöð voru í góðu lagi.

Allir 11 geymar stöðvarinnar hafa verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Lagnir þrýstiprófaðar á síðustu fimm árum.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Niðurstöður mælinga á olíuleifum í frárennsli þriggja olíuskilja í Litla-Sandsstöðinni og einnar í Miðsandsstöðinni hafa borist og greindist ekki olía í frárennslinu.

Myndavélakerfi, hreyfiskynjarar, girðingar og hlið voru í lagi. Stöðvarnar er ómannaðar en vaktmaður kemur í daglega yfirferð. Vaktmaðurinn skráir athugasemdir sínar í dagbók stöðvanna og kvittar fyrir komu sinni.

## ATHUGASEMDIR


Engar athugasemdir eru gerðar við olíubirgðastöðina.

## ANNAÐ

Olíudreifing sótti 9. mars 2015 um leyfi til heilbrigðisnefndar Vesturlands um að fá að meðhöndla olíumengaðan jarðveg í tómri mengunarvarnarþró í Litla-Sandsstöðinni.

Ekki var um það fjallað í eftirlitinu enda tengist það ekki rekstri olíubirgðastöðvarinnar.

Reykjavík, 17.12.2015



---

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar umhverfisverndar og örvaðis en sem ekki nefna talist frávik